

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn á Garðarsbraut 5 á Húsavík 13. mars 2017 kl. 13:15.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson (í Skypesambandi), Margrét Hólm Valsdóttir, staðgengill Kristján Þór Magnússonar, Steinþór Heiðarsson og Þorsteinn Gunnarsson. Sigurður Þór Guðmundsson boðaði forföll. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, þetta gerðist:

1. Fundaplan 2017

Farið yfir fyrirbyggjandi fundaplan og gerðar á því breytingar þannig að unnt verði að halda aðalfund MMP og vorkund fulltrúaráðs HNP bs. sama daginn, enda sömu fulltrúar á báðum fundum. Gert er ráð fyrir að fundirnir fari fram 3. maí nk. á Grenjaðarstað og er framkvæmdastjóra falin frekari útfærsla í samráði við forstöðumann MMP.

2. Ráðgjafarsamningur um félags- og skólaþjónustu

Rætt um endurskoðun samstarfssamnings um félags- og skólaþjónustu og hvort setja ætti núverandi samstarf inn í byggðasamlag eða hafa óbreytt fyrirkomulag og endurnýja samstarfssamninginn skv. fyrirbyggjandi drögum.

Eftirfarandi efnisatriði komu m.a. fram í umræðunni:

- Fyrir Norðurþing sem veitanda þjónustunnar hefur þátttaka Þingeyjarsveitar í samstarfinu mikil áhrif á það með hvaða hætti unnt er að styrkja þá þjónustu sem í boði er. Mikilvægt er því að afstaða Þingeyjarsveitar liggi fyrir sem fyrst þannig að unnt sé að útfæra þjónustuna, m.a .með tilliti til starfsmannahalds.
- Málið hefur verið rætt í sveitarstjórn Langanesbyggðar og er almenn ánægja með samstarfið og vilji til að þróa það áfram.
- Í Skútustaðahreppi er vilji til að halda samstarfinu áfram og þróa það frekar.
- Tjörneshreppur mun taka þátt í því samstarfi sem sveitarfélögin á svæðinu koma sér saman um.
- Mikilvægt að komið verði á einhvers konar „notendafundum“ þar sem tryggð verði aðkoma sveitarfélaganna sem eru kaupendur þjónustunnar, að mótun hennar, gerð fjárhagsáætlana og að lagðar verði fram ársskýrslur til sameiginlegrar umfjöllunar sveitarfélaganna. Rætt um að skilgreina þessa þætti með viðbótum í 7. gr. fyrirbyggjandi samningsdraga.

Samþykkt að leggja fyrirbyggjandi drög fyrir sveitarstjórnir til umræðu þannig að fá megi fram þau sjónarmið og athugasemdir sem þær kunna að hafa áður en endanlegur samningur verði lagður fyrir til afgreiðslu.

3. Samstarf í skipulags- og byggingarmálum

Formaður opnaði umræðuna og fór yfir það fyrirkomulag sem í gildi er. Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit reka sameiginlega byggingar- og skipulagsfulltrúa. Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurbings sinnir einnig Langanesbyggð, Svalbarðshreppi og Tjörneshreppi.

Fram kom að mikið álag er á þessum tveimur einmenningsembættum sem rekin eru og að ná mætti fram auknum faglegum styrk með því að reka eitt embætti fyrir sveitarfélögin sex. Framkvæmdastjórnin telur mikilvægt að fá fram afstöðu sveitarfélaganna til þess að þau sameinist um þennan rekstur og þá undir merkjum byggðasamlagsins.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna drög að minnisblaði um málið sem lagt verði fyrir vorfund fulltrúaráðs.

4. Önnur mál

- Steinþór sagði frá fundum á vegum Búnaðarsambands Suður Þingeyinga og félags kúabænda á svæðinu þar sem staða landbúnaðar í héraðinu hefur verið til umræðu. Fram kom á fundunum það sjónarmið að atvinnugreinin sé afskipt hvað varðar athygli sveitarfélaganna og mikilvægi í atvinnuflóru héraðsins. Samþykkt að taka málið á dagskrá vorfundar fulltrúaráðsins og fá til þess utanaðkomandi frummælenda. Steinþóri falið að undirbúa það.
- Lauslega rætt um málefni brunavarna sveitarfélaganna og möguleika á faglegri styrkingu og fjárhagslegri hagræðingu sem ná mætti með frekara samstarfi á því sviði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:05